Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 24. nóvember 2026

Minnisblað

Yfirlit á stöðu innritunar og faghlutfall í leikskólum

Málsnúmer: 2406200

1. **Hver er innritunaraldur barna í leikskólum frá og með október 2026?**

Börnum fæddum 21. júlí 2025 og fyrr hefur verið boðin leikskóladvöl. Nú eru sjö laus pláss fyrir eldri börn og stendur úthlutun þeirra yfir. Meðal þess sem hefur haft áhrif á nýtingu plássanna er að umsóknir hafa borist frá fjölskyldum sem eru búsettar utan sveitarfélagsins og hafa áformað flutning til Hafnarfjarðar, en síðar fallið frá þeim áformum.

Í Áshamri eru nú 113 börn af 120 og fyrirhugað er að bjóða í þau pláss sem eftir standa strax eftir áramót. Þá eru fimm pláss enn óúthlutuð í Vesturkoti, tíu í Hraunvallaleikskóla og fimm á Hörðuvöllum. Innritun í þessa þrjá leikskóla hefur tekið mið af stöðu mönnunar og breytingum á stjórnendateymum. Unnið er að því að skapa forsendur fyrir fullri nýtingu plássanna og stefnt að því að hún náist í upphafi árs 2027.

2. **Hve mörg börn hafa fengið boð um leikskólapláss en ekki fengið upplýsingar um hvenær aðlögun hefst?**

Öll börn hafa fengið boð um aðlögun og þessi sem fengu boð núna í lok október eru að klára aðlögun.

3. **Hversu mörg 15. mánaða börn hafa ekki fengið boð um pláss í leikskóla?**

Öll 15 mánaða börn hafa fengið pláss í leikskólum Hafnarfjarðar.

4. **Hvert er faghlutfall í leikskólum Hafnarfjarðar?**

Tegund	Fjöldi	Hlutfall
Annað háskólanám	122	21%
Leikskólakennarar	170	29%
Ófaglærðir	296	50,34
Samtals	581	100%

Fjölgun leikskólakennara markar mikilvægan áfanga í eflingu faglegs starfs í leikskólum Hafnarfjarðar. Leikskólakennarar eru nú 170, eða sjö fleiri en samkvæmt minnisblaði frá apríl 2026, þegar þeir voru 163. Hlutfall þeirra er nú um 29% samkvæmt töflunni hér að ofan, samanborið við 26% í apríl. Þessi

jákvæða þróun er ánægjulegur árangur og mikilvægt skref í átt að enn sterkari faglegum grunni leikskólastarfsins.

Til viðmiðunar störfuðu 1.504 leikskólakennarar í leikskólum landsins í desember 2024 samkvæmt nýjustu birtu tölum Hagstofu Íslands. Þeir voru um 21,3% af alls 7.069 starfsmönnum leikskóla.

Heimild: Hagstofa Íslands: Starfsfólk í leikskólum 2024, birt 2. júlí 2026 (skoðað 24. nóvember 2026).

Virðingarfyllst ,



Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Þróunarfulltrúi leikskóla.